

REGLUGERÐ

um gerð og útbúnað meðaflaskilju við veiðar á uppsjávarfiski.

1. gr.

Meðaflaskilja er útbúnaður, sem komið er fyrir í flotvörpu við veiðar á uppsjávarfiski í þeim tilgangi að flokka meðafla frá þannig að hann skiljist lifandi úr vörpunni. Meðaflaskilja skal ekki hafa áhrif á uppsetningu og eiginleika vörpunnar að öðru leyti.

2. gr.

Í viðaukum við reglugerð þessa skal birta hvaða gerðir meðaflaskilja eru viðurkenndar og hvernig þeim skuli komið fyrir í vörpunni.

3. gr.

Ef flotvörpuveiðar á uppsjávarfiski á ákveðnum svæðum eru í skyndilokunum eða reglugerðum, sem gefnar eru út með stoð í lögum nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, bundnar því skilyrði, að varpan sé útbúin meðaflaskilju, er eingöngu heimilt að nota þær gerðir skilja, sem ráðuneytið hefur viðurkennt og lýst er í viðaukum með reglugerð þessari og með því rimlabili sem áskilið er.

4. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum 17. gr. laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála. Ólögleg veiðarfæri skulu gerð upptæk samkvæmt ákvæðum 20. gr. laga nr. 79/1997.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum 14. gr. laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til að öðlast þegar gildi. Frá sama tíma er felld úr gildi reglugerð nr. 697, 25. júlí 2005, um gerð og búnað meðaflaskilju við veiðar á uppsjávarfiski.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 20. júní 2006.

F. h. r.


Árni Múli Jónasson.

Þórður Eyþórsson.

VIÐAUKI I Meðaflaskilja 1.

Lýsing:

Meðaflaskiljan er nethólkur úr fjórum byrðum sem í er grind eða grindur sem skilja stóran fisk frá smáum og sleppir stærri fiskinum út um sleppigat á undirbyrði nethólksins. Meðaflaskiljan er fest aftan við belg flotvörpunnar með reimingu og er pokinn festur á sama hátt fyrir aftan meðaflaskiljuna.



Frágangur skilju:


Grindur geta verið ein eða fleiri í skiljunni. Rimlabil skal ekki vera meira en 55 mm að innanmáli á milli rimla (meðaltal tíu mælinga). Grind(ur) skal vera fest við yfirbyrði og hliðarbyrði og fremst á undirbyrði (sjá mynd). Festingar úr grind(um) í byrði og milli grinda skulu vera þannig gerðar að ekki myndist bil. Halli á grind(um) skal vera milli 45° til 60°. Sleppigat er aftast á undirbyrði (sbr. mynd) í skiljuhólknnum.


Net í skiljuhólknnum skal vera úr riðli með minni möskvum en 80 mm að innanmáli til að koma í veg fyrir ánetjun veiðitegundar í skiljunni. Nota skal finriðið leiðinet fyrir framan grind(ur) til að beina fiski sem efst á grind(ur). Nota skal kúlar eða teygjur til að halda uppi leiðineti. Net sem notað er í undirbyrði I (sbr. mynd) við sleppigat ætti að vera þannig að það falli að undirbyrði II (sbr. mynd) í drætti. Hafa skal stíft hlífðarnet undir þessu neti til að koma í veg fyrir að það þenjst út ef mikill straumur liggur á því. Grind(ur) skal þannig úr garði gerð að auðvelt sé að taka hana inn á flotvörpuvindur. Óheimilt er að nota of efnismikla grind(ur) sem torveldað gæti streymi í gegn.

VIÐAUKI II Meðaflaskilja II.

Lýsing:

Meðaflaskiljan er nethólkur úr fjórum byrðum sem í eru grindur eða net sem skilja stóran fisk frá smáum og sleppir stærri fiskinum út um sleppigat á undirbyrði nethólksins. Meðafla-skiljan er fest aftan við belg flotvörpunnar með reimingu og er pokinn festur á sama hátt fyrir aftan meðaflaskiljuna.





Frágangur skilju:

Grindur geta verið ein eða fleiri í skiljunni eða net sem sett er upp þannig að það loki leiðinni fyrir stærri fisk aftur í poka. Rimlabil skal ekki vera meira en 55 mm að innanmáli á milli rimla (meðaltal tíu mælinga). Grind(ur) skal vera fest við yfirbyrði og hliðarbyrði og fremst á undirbyrði (sjá mynd). Festingar úr grind(um) í byrði og milli grinda skulu vera þannig gerðar að ekki myndist bil. Halli á grind(um) skal vera á milli 45° og 60°. Sleppigat er aftast á undirbyrði (sbr. mynd) í skiljuhólknum.

Net í skiljuhólknum skal vera úr riðli með minni möskvum en 80 mm að innanmáli til að koma í veg fyrir ánetjun veiðitegundar í skiljunni. Nota má finriðið leiðinet fyrir framan grindur til að beina fiski sem efst á grindur. Net sem notað er í undirbyrði (sbr. mynd) við sleppigat skal vera þannig að það hylji sleppigat í drætti. Hafa skal stíft hlífðarnet undir þessu neti til að koma í veg fyrir að það þenjst út ef mikill straumur liggur á því. Útbúnaður skal þannig úr garði gerður að auðvelt sé að taka hann inn á flotvörpuvindur. Óheimilt er að nota of efnismiklar grindur sem torveldað gæti streymi í gegn.